



VÍS: Ársreikningur 2021

Ársreikningur félagsins fyrir árið 2021 var staðfestur af stjórn og forstjóra á stjórnarfundum þann 24. febrúar 2022. Ársreikningurinn verður lagður fyrir aðalfund VÍS þann 17. mars til samþykktar.

Helstu niðurstöður ársins 2021

- Hagnaður ársins var 7.684 milljónir en var 1.798 milljónir á árinu 2020.
- Hagnaður af váttryggingarekstri var 887 milljónir samanborið við 2.014 milljóna tap árið áður.
- Samsett hlutfall ársins er 97,1% en var 109,8% á árinu 2020.
- Tekjur af fjárfestingarstarfsemi námu 8,3 milljörðum en voru 5,3 milljarðar árið áður.
- Arðsemi eigin fjár var 40,9% en var 12,0% árið áður.
- Hagnaður á hlut var 4,39 krónur samanborið við 0,95 krónur árið 2020.

Helstu niðurstöður 4F 2021

- Hagnaður fjórðungsins var 950 milljónir samanborið við 1.813 milljónir á sama tíma 2020.
- Hagnaður af váttryggingarekstri í fjórðungnum var 344 milljónir samanborið við 804 milljóna tap á sama tímabili 2020.
- Samsett hlutfall fjórðungsins var 95,5% en var 115,3% á sama tímabili árið áður.
- Iðgjöld tímabilsins voru 5.917 milljónir í samanburði við 5.562 milljónir á síðasta fjórðungi 2020.
- Tekjur af fjárfestingarstarfsemi voru 1.193 milljónir en voru 2.724 milljónir á sama tímabili 2020.

Helgi Bjarnason, forstjóri VÍS:

„Hagnaður ársins 2021 var 7.684 milljónir – en var 1.798 milljónir árið á undan. Hagnaður af tryggingarekstri nam 887 milljónum. Samsett hlutfall ársins var 97,1% sem er í lægri mörkum útgefinnar afkomuspár – en samsett hlutfall árið áður var 109,8%. Arðsemi eigin fjár var 40,9% – og hefur aldrei verið betri.

Þess ber að geta að stjórn félagsins leggur til að félagið greiði hluthöfum arð sem nemur tveimur krónum á hlut fyrir árið 2021. Heildarfjárhæð arðgreiðslunnar er 3.789 milljónir, en að teknu tilliti til eigin bréfa munu 3.500 milljónir greiðast til hluthafa.

Besti árangur í fjárfestingum frá upphafi

Þrátt fyrir alheimsfaraldurinn, sem hefur reynt á alla heimsbyggðina, var þróun á eignamörkuðum hagstæð. Árangur í fjárfestingum á síðasta ári var sá allra besti frá skráningu félagsins. Fjárfestingartekjur ársins námu 8,3 milljörðum – eða 18,7% nafnávöxtun yfir tímabilið. Stærstur hluti fjárfestingatekna ársins kom til vegna ávöxtunar hlutabréfa eða um 6,8 milljarðar. Skráð hlutabréfasafn félagsins skilaði góðri afkomu og hækkaði um 5 milljarða eða sem nemur 53,4% ávöxtun á árinu. Jafnframt var virðishækkun óskráðra hlutabréfa nokkur eða 1,8 milljarðar. Óskráð hlutabréfasafn félagsins hefur tekið talsverðum breytingum undanfarin ár, meðal annars vegna fjárfestinga í fyrirtækjum á borð við Controlant, Kerecis og Coripharma – sem hafa skilað sér í góðri ávöxtun fyrir félagið.

Óteljandi tækifæri fyrir þróun félagsins

Horfurnar eru góðar fyrir árið 2022. Við færumst nær því langtímamarkmiði félagsins að samsetta hlutfallið sé ekki hærra en 95% – því gert er ráð fyrir að samsett hlutfall ársins verði á bilinu 95-97%. Grunnrekstur félagsins gengur vel – og er í takt við væntingar. Við lækkuðum verðið í Ökuvísi í byrjun árs 2022 en viðskiptavinir okkar, sem eru með Ökuvísi, hafa bætt aksturinn umtalsvert. Betri akstur leiðir til færri slysa og tjóna – og því sáum við svigrúm til að lækka verð til þeirra sem keyra vel. Við viljum að viðskiptavinir okkar njóti góðs af þessum árangri – lækkinin svarar til tveggja mánaða iðgjalda.

Við umbyltum stafrænu kaupferli líf- og sjúkdómategygginga á síðasta ári sem gekk vel – og er nú orðin stærsta sölurásin í þessum mikilvæga tryggingaflokki. Stafræn þróun er því á fullri ferð – og við sjáum óteljandi tækifæri fyrir þróun félagsins. Sú fjárfesting sem hefur átt sér stað á undanförunum árum í innviðum og tækni gefur okkur góðan grunn til þess að byggja á til framtíðar. Tvö spennandi stafræn verkefni eru nú í gangi – sem við hlökkum til að segja betur frá.



Með viðskiptavininn í fyrsta sæti

Starfsfólkið sýndi enn og aftur hvað í þeim býr og vann þrekvirki við krefjandi aðstæður á síðasta ári. Vinnustaðagreining sýndi að starfsfólk er mjög ánægt og helgað í starfi og eru þetta bestu niðurstöður frá því mælingar hófust hjá VÍS. Þetta eru ánægjulegar og ekki síst mikilvægar niðurstöður fyrir félagið – því ánægja og helgun starfsmanna er undirstaða góðs árangurs.

Á síðasta ári lögðum við mikla áherslu á að bæta upplifun viðskiptavina okkar sem leiddi af sér að við urðum hástökkvarar á meðal tryggingafélaga í Íslensku ánægjuvuginni. Við eigum þó enn verkefni fyrir höndum – en niðurstaðan staðfestir að við erum á réttri leið.“

Horfur

Langtíamarkmið félagsins er að samsetta hlutfallið sé ekki hærra en 95% og arðsemi eigin fjár sé að lágmarki 15%. Farið verður yfir samsett hlutfall í fjárfestakynningum ársfjórðungslega – ásamt stöðu og horfum í rekstri félagsins.

Félagið gerir ráð fyrir að samsett hlutfall ársins 2022 verði á bilinu 95-97%. Félagið mun tilkynna ef breytingar verða á horfum ársins um samsett hlutfall, s.s. vegna stórra tjóna eða annars sem hefur umtalsverð áhrif á rekstur félagsins, svo að verðmótandi teljist fyrir hlutabréf þess.

Kynningarfundur

Kynningarfundur vegna uppgjorsins fyrir markaðsaðila og fjárfesta verður haldinn föstudaginn 25. febrúar, klukkan 8:30 í húsnæði félagsins, Ármúla 3. Farið verður yfir uppgjorið og spurningum svarað. Hægt verður að fylgjast með fundinum á þessari slóð: <https://vis.is/arsuppgjor-2021/> og þar verður einnig hægt að nálgast upptöku af fundinum. Kynningarefni fundarins verður hægt að nálgast á sömu slóð.

Fjárhagsdagatal

Aðalfundur 2022 || 17. mars 2022

Fyrsti ársfjórðungur 2022 || 05. maí 2022

Annar ársfjórðungur 2022 || 18. ágúst 2022

Þriðji ársfjórðungur 2022 || 20. október 2022

Nánari upplýsingar

Í samræmi við lög birtir VÍS ársreikninginn á einkvæmu rafrænu skýrslusniði (e. European Single Electronic Format eða ESEF) og má finna ársreikninginn í meðfylgjandi zip skrá.

Nánari upplýsingar veitir Erla Tryggvadóttir, samskiptastjóri VÍS, í síma 660-5260 eða með netfanginu erlat@vis.is



Rekstrarreikningur

	4F 2021	4F 2020	Br.	Br. %	12M 2021	12M 2020	Br.	Br. %
Iðgjöld tímabilsins	5.917	5.562	355	6,4%	23.041	22.496	545	2,4%
Hluti endurtryggjenda	-171	-195	24	-12,2%	-740	-742	2	-0,3%
Eigin iðgjöld	5.746	5.367	379	7,1%	22.301	21.754	547	2,5%
Fjárfestingartekjur	1.193	2.724	-1.532	-56,2%	8.259	5.284	2.975	56,3%
Aðrar tekjur	16	19	-3	-17,5%	66	65	1	1,7%
Heildartekjur	6.954	8.110	-1.156	-14,3%	30.627	27.104	3.523	13,0%
Tjón tímabilsins	-4.032	-4.995	963	-19,3%	-17.252	-19.261	2.008	-10,4%
Hluti endurtryggjenda	128	112	15	13,7%	922	291	631	-
Eigin tjón	-3.904	-4.882	979	-20,0%	-16.330	-18.969	2.639	-13,9%
Tæknilegar vaxta- og gengisbreytingar váttryggingaskuldar	-280	74	-354	-	-50	-658	608	-92,4%
Rekstrarkostnaður	-1.696	-1.447	-249	17,2%	-5.738	-5.414	-324	6,0%
Vaxtagjöld og virðisrýrnun viðsk.krafna	-92	-153	61	-40,0%	-375	-447	72	-16,1%
Heildargjöld	-5.971	-6.407	437	-6,8%	-22.492	-25.488	2.996	-11,8%
Hagnaður fyrir skatta	983	1.703	-719	-42,3%	8.135	1.616	6.519	-
Skattar	-33	110	-143	-	-451	182	-633	-
Hagnaður tímabilsins	950	1.813	-862	-47,6%	7.684	1.798	5.886	-
Tjóna- og endurtr.hlutfall	68,9%	91,3%			74,1%	87,6%		
Kostnaðarhlutfall	26,6%	24,0%			23,1%	22,2%		
Samsett hlutfall	95,5%	115,3%			97,1%	109,8%		
Arðsemi eigin fjár	4,6%	11,3%			40,9%	12,0%		
Ávöxtun fjáreigna	2,6%	2,8%			18,7%	14,0%		
Hagnaður á hlut	0,54	0,96			4,39	0,95		

Efnahagsreikningur

Eignir	31.12.2021	31.12.2020
Rekstrarfjármunir	474	606
Viðskiptavild og aðrar óefnislegar eignir	1.461	1.670
Húsaleigugæign	700	798
Skatteign	0	36
Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstur	43.459	38.839
Skuldabréf og aðrar langtímakröfur	1.221	1.438
Fjárfestingar með fjárfestingaráhættu líftryggingataka	1.774	1.622
Viðskiptakröfur	6.517	6.496
Endurtryggingæignir	1.207	887
Aðrar kröfur	698	795
Handbært fé	1.553	1.576
Eignir samtals	59.063	54.762
Eigið fé		
Hlutfé	1.750	1.894
Lögbundinn varasjóður	626	626
Bundið eigið fé	9.371	5.455
Óráðstafað eigið fé	8.706	9.017
Eigið fé samtals	20.453	16.992
Skuldir		
Vikjandi skuldabréf	3.033	2.889
Tekjuskattskuldbinding	65	0
Húsaleiguskuld	742	831
Váttryggingaskuld	30.286	30.073
Líftryggingaskuld með fjárfestingaráhættu líftryggingataka	1.774	1.622
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir	2.709	2.355
Skuldir samtals	38.610	37.770
Eigið fé og skuldir samtals	59.063	54.762